

## Verklagsreglur um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun

### Almennt um viðauka.

Samkvæmt sveitarstjórnalögum nr. 138/2011 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlun og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 segir að fjárhagsáætlun sveitarfélags sé bindandi fyrir yfirstandandi ár og óheimilt sé því að víkja frá þeirri áætlun nema með samþykkt sveitarstjórnar með viðauka við fjárhagsáætlun. Reikningsskila- og upplýsingarnefnd hefur sett verklagsreglur sem eiga að vera grunnur að verklagi sveitarfélags við gerð viðauka og eru meginforsendur við gerð viðauka eftirfarandi:

- Fjárhagsáætlun hvers árs er **bindandi ákvörðun** sveitarstjórnar um fjárheimild ársins.
- Leita skal **fyrir fram samþykkis** sveitarstjórnar vegna útgjalda eða fjárfestingar umfram gildandi fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri og forstöðumenn bera ábyrgð á að halda fjárhagsáætlun ársins innan fjárheimildar.
- Viðauka við fjárhagsáætlun skal **ekki gera til að leiðrétta** í fjárhagsáætlun útgjöld í rekstri eða fjárfestingar sem þegar hefur verið stofnað til.
- Ekki er heimilt að samþykkja **ný útgjöld í rekstri eða til fjárfestingar**, sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, nema að jafnhliða sé samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.
- Alltaf skal leitast við að **finna svigrúm** innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en óskað er eftir gerð viðauka
- Forsenda samþykktar á viðauka er að finna hvernig hin nýju útgjöld verði fjármögnuð. Ef ákvörðun kallar á færslu milli liða þarf að liggja skýrt fyrir um hvaða lið fjárhagsáætlunar ræðir svo bóka megi í viðauka.
- Sveitarstjórn setur **sérstakar reglur** sem gilda skulu um heimildir vegna tilfærslu á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar og millifærslu milli deilda. Sama gildir jafnframt um heimildir vegna fjárfestingar og millifærslur milli verkefna.

### 1. Markmið.

Markmið með þessum reglum er að skýra ferlið við gerð viðauka hjá Dalabyggð og byggir á ofangreindum lögum/reglugerð og leiðbeiningum reikningsskila- og upplýsinganevndar sveitarfélaga um gerð viðauka fjárhagsáætlana.

### 2. Ábyrgð

Forstöðumenn stofnana/deilda og sveitarstjóri bera ábyrgð á því að fjárhagslyklar stofnana og deilda sem undir þá heyrja, fari ekki fram úr fjárheimildum. Einnig bera þessir aðilar ábyrgð á að tillögur að viðauka séu gerðar ef á þarf að halda. Tillögur forstöðumanna skal senda til sveitarstjóra, sem ber ábyrgð á að viðaukar séu gerðir og lagðir fyrir byggðaráð. Sveitarstjórn er ein til þess bær að samþykkja viðauka, þó telst byggðaráð bært að samþykkja viðauka í sumarleyfi sveitarstjórnar ef slík tilfelli koma upp. Ef um er

að ræða grundvallarbreytingar á fjárhagsáætlun skal kalla sveitarstjórn saman til aukafundar til að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun.

### **3. Heimildir og framkvæmd**

Þegar teknar eru hvers konar ákvarðanir um samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem ekki rúmast innan fjárheimildar gildandi fjárhagsáætlunar, og hafa þannig í för með sér breytingar á tekjum, gjöldum, fjárfestingum eða skuldbindingum í gildandi fjárhagsáætlun, ber að gera viðauka. Ekki er því heimilt að stofna til skuldbindinga eða útgjalda áður en búið er að afla heimildar í fjárhagsáætlun.

#### **Heimildir vegna tilfærslu á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar**

Verði breytingar á stöðugildum starfsmanna, aukning á launakostnaði eða tilfærsla á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar skal viðkomandi forstöðumaður/sveitarstjóri leggja tillögu fyrir byggðaráð, ásamt minnisblaði eða öðrum gögnum, þar sem fram kemur hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykta fjárhagsáætlun. Heimilt er að færa á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar allt að 5 milljónum króna án samþykktar sveitastjórnar.

#### **Heimildir vegna millifærslu milli deilda**

Ef fjárhagslegar ráðstafanir sem ekki er gert ráð fyrir í samþyktri fjárhagsáætlun snerta fleiri en eina deild skal ætíð leggja fram viðauka. Viðkomandi forstöðumaður leggur fyrir sveitarstjórn tillögu ásamt minnisblaði eða öðrum gögnum, þar sem fram kemur hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykta fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri ber ábyrgð á að leggja gögnin/málið fyrir byggðaráð. Lágmarksfjárhæð vegna millifærslu milli deilda er 1 milljón króna. Fjárhæðum undir 1 milljónum króna skal finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks.

#### **Lágmark fjárhæðar sem leita þarf samþykkis fyrir með viðauka**

Ætíð skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en leitað er að svigrúmi annarsstaðar. Lágmarksfjárhæð sem leita þarf samþykkis fyrir með viðauka er 1 milljón kr. Fjárhæð undir 1 milljón króna skal finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks.

#### **Heimildir vegna fjárfestinga og tilfærslu milli verkefna**

Umsjónarmanni framkvæmda, í samráði við sveitarstjóra, er heimilt að hliðra til verkefnum í framkvæmda- og/eða fjárfestingaáætlun án samþykkis sveitarstjórnar, svo fremi að breytingin nemi ekki hærri fjárhæð en 2 milljónum króna og rúmist innan áður samþykktar heildarfjárhæðar til fjárfestinga og framkvæmda í fjárhagsáætlun ársins. Sé fjárhæð tilfærslu milli verkefna yfir 2 milljónum króna fer sú tillaga frá sveitarstjóra til umræðu og afgreiðslu í byggðaráði og síðan til samþykktar í sveitarstjórn. Fjárfestingar og/eða framkvæmdir sem ekki rúmast innan áður samþykktar fjárhæðar í fjárhagsáætlun skal ætíð gera viðauka um. Tillögu ásamt upplýsingum eða öðrum gögnum þar sem fram kemur hvernig útgjöldunum verði mætt og hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykta fjárhagsáætlun skal leggja fyrir byggðaráð. Sveitarstjóri ber ábyrgð á að leggja gögn og upplýsingar fyrir byggðaráð í samráði við aðalbókara/fjármálastjóra eða eftir atvikum umsjónamanns framkvæmda.

#### 4. Málsmeðferð viðauka.

Viðauki skal fá eina umræðu í byggðaráði áður en hann er lagður fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Í bókun byggðaráðs skal þess gætt að skýrt komi fram upplýsingar um eðli breytinga, fjárhagsleg áhrif og hvernig lagt sé til að útgjöldum eða fjárfestingunni verði mætt. Geri byggðaráð breytingartillögu skal koma fram í hverju breytingin felst.

Viðauki við fjárhagsáætlun ásamt fylgigögnum er lagður fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Sé viðaukinn samþykktur skal hann bókaður og ber aðalbókari ábyrgð á að fjárhagsáætlun sé uppfærð til samræmis við samþykka viðauka og að viðaukar séu sendir Hagstofunni innan tilskilinna tímamarka.

Þannig samþykkt á 233. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 13. apríl 2023